



Fundargerð

339. fundur hreppsnefndar Reykhólahrepps
miðvikudaginn 23. maí 2012, kl. 20:00

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Andrea Björnsdóttir oddviti, Eiríkur Kristjánsson, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir, Sveinn Ragnarsson og Gústaf Jökull Ólafsson. Einnig sátu fundinn Erla Björk Jónsdóttir aðalbókari og Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð. Guðmundur Snorrason endurskoðandi mætti sérstaklega til að fara yfir ársreikning sveitarfélagsins fyrir árið 2011.

Fundargerð rituð á tölvu og er ein blaðsíða.

Oddviti bauð fólk velkomið og innti eftir öðrum málum, engin mál bárust. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. 1203042 – Ársreikningur Reykhólahrepps 2011.

Seinni umræða.

Guðmundur Snorrason endurskoðandi sveitarfélagsins fór yfir ársreikning sveitarfélagsins 2011.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu 2011 námu 349 millj. kr. samkvæmt samanteknum ársreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 304 millj. kr. Rekstrartekjur A hluta námu 223 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 187 millj. kr.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var jákvæð um 8 millj. kr. en samkvæmt fjárhagáætlun var gert ráð fyrir 4,2 millj. kr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð upp á 11,5 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir neikvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 3,4 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok samkvæmt samanteknum efnahagsreikningi A og B hluta nam 302,8 millj. kr. en eigið fé A hluta 322,8 millj. kr.

Laun og launatengd gjöld í A og B hluta námu alls 198,9 millj. kr. og í A hluta alls 118,8 millj. kr.

Ársreikningur sveitarfélagsins borinn upp til samþykktar. Sveitarstjórn samþykkir ársreikning Reykhólahrepps 2011 samhljóða.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

Fundi slitið kl. 21:50
